

## 5. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í Vinnustofu Kjarvals, mánudaginn 28. nóvember 2022, kl. 18:00.

Mættir: Halldóra Guðvarðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Marta Sigurjónsdóttir og Stefanía Reynisdóttir. Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsóttir, Edda Dögg Ingibergsdóttir,

Forföll boðaði: Axel Þór Eysteinnsson, Magnús Heimir Jónasson og Þór Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

### Málefni tekin á fundi

1. Norðurlandafundur – yfirferð á málefnum þess fundar

Sólveig og Sigurbjörg sóttu fundinn. Á fundinum var rætt um Evrópuþingið og tilvonandi kosningar þar, sem og farið var yfir hækkun á aldri um eitt ár í áhaldafimleikum KK og KVK hjá FIG. Niðurstaða Norðurlandafundarins var að öll Norðurlöndin ætluðu að senda málefnið á sínar tækninefndir og óska eftir álitum þeirra. Lokaákvörðun verður svo tekin á þingi Evrópska Fimleikasambandsins í Portúgal.

2. Fimleikaþing 2023

Stefnan var að halda þingið á Egilsstöðum í lok maí 2023. Þegar FSÍ fór að kalla eftir tilboðum í hótél og sali kom í ljós að framboð var nánast ekki og þau herbergi sem eru laus eru dýr. Fundað var með Hetti og í framhaldinu ákveðið að færa þingið og vera á Egilsstöðum 2025. Tillaga um að vera með Fimleikaþing 2023 á Reykjum í Hrótafirði og skrifstofu falið að afla tilboða í gistingu og mat. Einnig var ákveðið að senda út könnun varðandi aðrar dagsetningar á þingi þar sem núverandi dagsetning er á hvítasunnuhelgi.

Stjórn vill þakka Önnu Dís, framkvæmdastjóra Fimleikadeildar Hattar fyrir aðstoðina og samtalið.



### 3. Fimleikafólk ársins, lið ársins og afrek ársins

Gögn frá tækninefndum berast skrifstofu 5. desember. Stjórn fundar í framhaldinu 6. desember á Teams þar sem tekið verður ákvörðun út frá gögnum tækninefnda.

### 4. Uppskeruhátíð FSÍ

Félögin hafa til 15. desember til að senda inn tilnefningar. Við sendum stjórn tölvupóst með tilnefningum félaganna um merki sambandsins, þjálfara ársins og leiðtoga ársins. Stjórn fundar 16. desember þar sem ákvörðun um viðurkenningar verður tekin út frá innsendum gögnum.

### 5. Ársfjórðungsuppgjör - drög

Eva Hrund, fjármálastjóri, fór yfir stöðuna.

### 6. Fjárhagsáætlun næsta árs

Eva Hrund, fjármálastjóri, fór yfir stöðuna.

### 7. Umbun fyrir fagnefndir FSÍ – til umræðu

Viljum draga fagnefndirnar nær okkur og langar að umbuna þeim. Rætt um hugmynd sem kom fram á vinnufundi skrifstofu.

### 8. Formannafundur ÍSí – yfirferð á málefnum þess fundar

Sólveig og Sigurbjörg mættu á formannafund ÍSí 25. nóvember. Fundurinn var vel heppnaður og fundarmönnum gafst gott tækifæri til að tjá sig og taka þátt í fundinum. Stjórn ÍSí vinnur að uppfærslu á reglugerð um úthlutun á Lottóteknum hreyfingarinnar sem er mjög tímabært. Á fundinum kynnti samskiptaráðgjafi ÍSí nýútkomna viðbragðsáætlun sína og ÍSí var með kynningu um góða stjórnarhætti.



## 9. Félagaskiptareglur FSÍ – uppfærsla

Fjallað var um félagaskiptareglur FSÍ á súpufundi. Tillaga lögð fram um uppfærslu á reglugerð um félagaskipti. Stjórn samþykkir uppfærslu á félagaskiptareglugerðinni.

## 10. Samningar við landsliðsfólk FSÍ

Umræða um samninga við landsliðsfólk FSÍ. Stjórn fer yfir samninginn og kemur með athugasemdir ef einhverjar eru fyrir næsta fund.

## 11. Yfirferð á vinnudegi skrifstofu – til upplýsinga

Vinnufundur skrifstofu fór fram 25. nóvember, stjórn upplýst um málefni og niðurstöður vinnufundar.

Fundi slitið kl. 20:03.